

# Umhverfismál

## Punktur úr umræðu

- Umgengni fasteigna, vinnusvæða (verktakar) og lögbýla / jarða.
  - Krefja eigendur um betri umgengni.
  - Tryggja að drasl fjúki ekki.
  - Járnaúrgangur í sveitum. Semja við þjónustuaðila til að sækja og losa (einn á Bíldudal sem safnar brotajárni).
- Úrgangsmál
  - Tryggja að úrgangur skili sér á rétta staði.
  - Sorpílát í dreifbýli (Krossholt, Örlygshöfn, Rauðasandur) virka ekki. Plasttunnurnar henta ekki aðstæðum og sorp fýkur um allt.
  - Ekki boðið upp á flokkun í dreifbýli. Vantar fleiri ílát.
  - Koma í veg fyrir ólöglega losun á sorpi / úrgangi. Dæmi: Ruslahaugur í Örlygshöfn niðri í fjöru; jarðvegslosun í sjóinn út á Odda o.fl.
  - Áframhaldandi samvinna sveitarfélags, Umhverfisstofnunar og landeigenda við hreinsun strandlengjunnar.
- Flokkun úrgangs
  - Auka flokkun og fræðslu.
  - Hvatning og fræðsla um moltugerð.
    - Sveitarfélagið kaupi 100 stk. moltutunnur og afhendi íbúum, gerður verði samningur við hvern og einn um það. Þannig sparar sveitarfélagið fjármuni sem fer í akstur á sorpi suður á Mýrar og það skilar sér í sparnaði og borgar sig á 2 árum.
  - Boðið verði upp á plast tunnur við hús.
  - Kynna hvað er í boði frá gámapjónustunni.
    - Festingar fyrir tunnur.
    - Flokkunarfötur í eldhús o.fl.
- Fræðsla
  - Fræðsla um umhverfismál.
  - Flokkun og jarðvegsgerð.
  - Umhverfisvottaðir Vestfirðir – Hvað er það?
    - Fræða íbúa um það.
    - Fá íbúa með í lið.
    - Sparnaður í förgun
- Raforka
  - Birtustilling götulýsingar – kveikja seinna & slökkva fyrr. Vesturbyggð sýni gott fordæmi og spari raforkueyðslu.

- Vantar að ráða garðyrkjustjóra / umhverfisfulltrúa í Vesturbyggð.
- Lúpína
  - Hefta útbreiðslu á henni.
  - Náttúruvernd.
- Eitur
  - Afeitra Vesturbyggð – að sveitafélagið hætti að nota eitur.
- Rækta trjágarð til að minnka innlögn á Patró.
  - T.d. skjólgarð á Odda.
  - Fá fagaðila í málið. Réttar trjátegundir.
  - Ekki að kaffæra allt í skógi. Bara skjólbelti.

## Niðurstöður

- Krefja eigendur fasteigna / vinnusvæða / lögbýla um góða umgengni.
- Tryggja að allur úrgangur í sveitarfélaginu skili sér á rétt svæði.
- Að ílát undir sorp virki t.d. í dreifbýli og þar sé líka boðið upp á einhverja flokkun.
- Meiri flokkun úrgangs.
- Auka fræðslu um umhverfismál.

## Næstu skref

- Ráða umhverfisfulltrúa / garðyrkjustjóra.
- Laga til – bæta umgengni við fasteignir og vinnusvæði.
- Bæta við flokkunartunnum við heimili.
- Nýta lífrænan úrgang á svæðinu – Kaupa tunnur.
- Minnka raforkunotkun – t.d. götulýsing.
- Bæta úrgangsílát í dreifbýli – sterkari ílát og betri flokkunarmöguleika.
- Skógrækt í þéttbýli til að verjast vindi.
- Fræða íbúa um umhverfismál og að Vesturbyggð sé í Umhverfisvottaðir Vestfirðir
- Hefta útbreiðslu lúpínu.